

Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands haldinn í Verkfræðingahúsinu að Engjateig 9, 29.apríl 2025 og hófst kl. 17:05.

1.Setning.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ setti fundinn.

Eiríkur Þorbjörnsson var kjörinn fundarstjóri og lýsti fundinn lögmætan.

Bjarni Guðmundsson var síðan kjörinn fundarritari.

1.Skýrsla stjórnar.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ flutti skýrslu stjórnar.

Upplýst var, 5888 félagar voru í VFÍ upphafi ársins 2025 og hafði þeim fjölgað um 5% frá árinu 2024.

Síðan kom Svana Helen inn á samningaviðræður samninganefnda VFÍ við vinnuveitendur.

Hún sagði, að á Íslandi sé minnsti munur á ráðstöfunartekjum háskólamenntaðra manna og ófaglærðra í Evrópu.

Bæta verði kjör háskólamenntaðra manna á Íslandi.

Þá fjallaði Svana Helen um kvikmyndina “ Trúin á tæknina “, sem var frumsýnd 17.október 2024 í Bíó Paradís.

Ráðstefna um risaverkefni og mikilvægi vandaðrar verkefnastjórnsýslu var haldin 10.febrúar 2025.

Dagur verkfræðinnar var haldinn 28.mars 2025.

Að þessu sinni hlutu SORPA og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu teninginn fyrir samræmt flokkunarkerfi úrgangs, sem innleitt var á öllu höfuðborgarsvæðinu 2024.

Fjölskyldudagur verkfræðinnar var haldinn í sjötta sinn.

Stjórn VFÍ boðaði til tveggja samráðsfunda með baklandi félagsins.

Svana Helen lagði áherslu á nauðsyn þess að auka byggingarannsóknir á Íslandi.

Hún sagði, að ánægja væri með starfssemi VFÍ.

Hún þakkaði síðan starfsfólki á skrifstofu félagsins og öllum þeim,sem hafa starfað í stjórnnum og nefndum félagsins fyrir gott samstarf.

2.Reikningar VFÍ.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Tekjur umfram gjöld félagssjóðs VFÍ voru kr. 130087152 að teknu tilliti til fjármagnstekna.

Eignir félagssjóðs VFÍ voru 899474798 í árslok 2024.

Að lokinn yfirferð Árna yfir reikninga félagsins var orði gefið laust um ársreikninga félagsins og skýrslu stjórnar.

Svana Helen Björnsdóttir spurði um hvernig miðaði við gerð nýs vefs VFÍ og Sigrún Hafstein svaraði.

Torfi G. Sigurðsson spurði út í tap á sjúkrasjóði VFÍ. Högni Ásgeirsson svaraði Torfa.

Fram kom í svarinu, að veikindi og kulnun hafi aukist mjög mikið meðal félagsmanna VFÍ.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ tók síðan til máls um þetta málefni.

Þröstur Guðmundsson spurði um málefni tengd Verkfræðingahúsinu.

Árni B. Björnsson svaraði Þresti og kvað nauðsynlegt að fara í mörg viðhaldsverkefni vegna hússins.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður VFÍ tjáði sig líka um þetta málefni.

Skýrsla stjórnar félagsins og reikningar félagsins var síðan samþykkt samhljóða.

3.Fjárhagsáætlun og ákvörðun félagsgjalda.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ gerði grein fyrir fjárhagsáætlun VFÍ og ákvörðun félagsgjalda.

Elvar Helgason sagði, að nú sé enginn verkfallssjóður í vörslu VFÍ.

Hann kvað nauðsynlegt að hækka félagsgjöld til VFÍ, svo hægt sé að mynda verkfallssjóð.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ svaraði Elvari.

Hann sagði, að það mætti skoða tillögu Elvars en sagði flókið að hækka félagsgjöld til VFÍ.

Svana Helen Björnsdóttir svaraði Elvari líka og fjallaði um fjármál VFÍ.

Páll Á. Jónsson fjallaði um fjármál VFÍ.

Hann sagði, að sjóðir VFÍ verði settir í fjárvörslu hjá Arionbanka.

Um er að ræða upphæð upp á ca. 3,0 milljarða króna.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ tók síðan til máls um fjármál VFÍ.

Síðan var eftirfarandi tillaga að félagsgjöldum VFÍ fyrir árið 2026 borin undir atkvæði fundarmanna:

“ Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn þriðjudaginn 29.apríl 2025 kl. 17:00 í Verkfræðingahúsi, samþykkir, að félagsgjöld fyrir árið 2026 verði 3750 kr. á mánuði eða 45000 kr. á ári “.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

4.Tillögur félagsstjórnar.

Engar tillögur voru lagðar fram undir þessum lið.

5.Lýst kosningu í aðalstjórn VFÍ.

Eftirtalin voru kjörin í félagsstjórn VFÍ:

Formaður: Helgi Gunnarsson til tveggja ára.

Meðstjórnandi: Gunnar Sigvaldason til tveggja ára.

Varamedstjórnandi: Birkir Karl Sigurðsson til tveggja ára.

Eftirtaldir meðstjórnendur voru kjörnir í félagsstjórn VFÍ:

Sveinn I. Ólafsson, formaður Deildar sjálfstætt starfandi og stjórnenda.

Bjarki Ómarsson, formaður stjórnar Kjaradeildar.

Torfi G. Sigurðsson tók til máls um aðalstjórn VFÍ og Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ svaraði.

6.Lýst kosningu í stjórn Kjaradeildar VFÍ.

Eftirtalin voru kjörin í Kjaradeild VFÍ:

Formaður: Bjarki Ómarsson til tveggja ára.

Meðstjórnendur til tveggja ára: Eypór H. Úlfarsson og Una G. Gautadóttir.

Varamedstjórnandi til tveggja ára: Ásbjörn Ólafsson.

7.Lýst kosningu í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi.

Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn Deildar stjórnenda og sjálfstætt starfandi:

Formaður til tveggja ára: Sveinn I. Ólafsson.

Meðstjórnandi til tveggja ára: Stefán Veturliðason.

Varamedstjórnandi til eins árs: Jón Guðmundsson.

8.Kjör endurskoðanda og skoðunarmanna VFÍ.

Kristinn Gestsson, löggiltur endurskoðandi VFÍ var kjörinn reikningslegur endurskoðandi VFÍ fyrir næsta starfsár.

Þá voru Eysteinn Einarsson og Kristjana Kjartansdóttir kjörin skoðunarmenn VFÍ til eins árs.

9.Laun formanns VFÍ og stjórnarmanna.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ gerði grein fyrir þessum lið.

Harpa Þorsteinsdóttir og Þröstur Guðmundsson tjáðu sig um framlagða tillögu og Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ svaraði þeim.

Þá var lögð fram tillaga að launum formanns og stjórnar Verkfræðingafélags Íslands fyrir starfsárið 2025 til 2026.

Skv. 9 lið 19 gr. (Aðalfundur) skal á aðalfundi félagsins ákvarða laun formanns og stjórnar.

Frá samrunafundi VFÍ og SV 2011 hafa laun verið greidd fyrir ábyrgðarstörf fyrir félagið.

Launin eru fyrir allt starfsárið (ekki fyrir hvern mánuð þess)

Eftirfarandi tillaga var lögð fram:

“ Aðalfundur Verkfræðingafélags Íslands, haldinn þriðjudaginn 29.apríl 2025 kl. 17:00 í

Verkfræðingahúsi samþykkir að:

- Laun formanns verði kr. 1215000 (27xfélagsgjald 2025).
 - Fráfarandi formaður fái greiddar kr. 900000 (20xfélagsgjald 2025) fyrir stjórnarsetu í Engineers Europe og vinnu í stýrihóp verkefnisins Engineers for Europe (E4E).
 - Laun varaformanns verði kr. 540000 (12xfélagsgjald 2025).
 - Laun formanns Kjaradeildar verði kr. 900000 (20xfélagsgjald 2025).
 - Laun formanns Menntamálanefndar verði kr. 1125000 (25xfélagsgjald 2025).
- Auk þess fái hann kr. 450000 (10xfélagsgjald 2025) vegna mikillar fjölgunar umsagna um menntun umsækjenda um atvinnuleyfi.

Aðrir stjórnarmenn aðalstjórnar, stjórnar Kjaradeildar og Deildar sjálfstætt starfandi og stjórnenda fái félagsgjald 2025 fellt niður. “

Tillagan var samþykkt samhljóða.

10.Laga og reglugerðarbreytingar.

Svana Helen Björnsdóttir, formaður fylgdi tillögunum úr hlaði.

10.1 Tillaga að breytingu á lögum Verkfræðingafélags Íslands lögð fram á aðalfundi félagsins 2025.

11.gr. Stjórn.

Svohljóðandi setningar í 3.mgr. 11gr: “ Endurkjör formanns er heimilt tvisvar.Samfelld stjórnarseta meðstjórnenda og varamanna getur mest verið 6 ár. “ falli út.

12.gr.Kjaradeild.

Svohljóðandi setning í 2. mgr. 12.gr: “ Samfelld seta í stjórn Kjaradeildar getur mest verið 6.ár “ falli út.

13.gr.Deild stjórnenda og sjálfstætt starfandi.

Svohljóðandi setning í 4.mgr. 13.gr.:”Samfelld seta í stjórn deildarinnar getur mest verið 6 ár “ falli út.

Greinargerð með tillögu:

Tillagan er lögð fram af hálfu stjórnar.

Sú regla, sem hér er lagt til að felld verði út er að mati stjórnar óþörf og jafnvel komi hún í veg fyrir og hamli eðlilegri félagsþátttöku í VFÍ. Á síðari árum hefur reynst erfitt að finna nýtt fólk í stjórnir og ráð Verkfræðingafélags Íslands og því hefur verið torvelt að fylla í þau skörð,sem orðið hafa þegar reyndir stjórnendur hverfa á braut. Við það hefur glatast þekking,sem stjórnin telur bagalegt. Það er mat stjórnar, að félagsfólk,sem hefur sinnt störfum sínum í stjórnunum og ráðum af áhuga og krafti eigi að geta nýst áfram, þótt lengri tími en 6 ár hafi liðið frá því það kom upphaflega til starfa.

Þröstur Guðmundsson taldi þetta ekki góðar tillögur. Hann sagðist ekki styðja þær.

Bergþóra Kristinsdóttir gagnrýndi framlagðar tillögur.

Eyþór Helgi Úlfarsson ,Gunnar Sigvaldason og Bjarni Guðmundsson sögðust styðja framlagðar tillögur.

Þröstur Guðmundsson vildi koma með breytingatillögu.

Lára V. Júlíusdóttir lögmaður VFÍ sagðist vilja fresta þessum tillögum um eitt ár.

Bjarki Ómarsson sagðist vilja láta kjósa um framlagðar tillögur en Lára V.

Júlíusdóttir,lögmaður VFÍ taldi það tvíverknað.

Bryndís Friðriksdóttir, Árni B. Björnsson og Bjarki Ómarsson tóku til máls um framlagðar tillögur.

Þröstur Guðmundsson lagði til, að þessum lagabreytingum yrði frestað um eitt ár.

Þá tók Bergþóra Kristinsdóttir til máls um lagabreytingarnar.

Þá lagði Þröstur Guðmundsson fram eftirtalda breytingatillögu:

“ Ég undirritaður, Þröstur Guðmundsson legg til, að tillögu um breytingu á lögum Verkfræðingafélags Íslands verði frestað um eitt ár og málið sett í nefnd til skoðunar og greiningar fram að næsta aðalfundi.”

Þröstur Guðmundsson kt. 230265-5269.

Ásbjörn Ólafsson sagðist vera á móti breytingatillögu Þrastar, sem borin var undir atkvæði fundarmanna.

Breytingatillaga Þrastar Guðmundssonar var felld. 17 greiddu atkvæði með tillögunni en 12 voru á móti. (2/3 fundarmanna þurfa að samþykkja lagabreytingar VFÍ.)

Framlögð lagabreyting stjórnar var síðan borin undir atkvæði fundarmanna.

18 greiddu atkvæði með tillögunni og aðrir í salnum voru á móti. (2/3 fundarmanna þurfa að samþykkja lagabreytingar VFÍ.)

Báðar tillögurnar voru því felldar.

10.2 Tillaga að breytingum Sjúkrasjóðs Verkfræðingafélags Íslands lögð fram á aðalfundi félagsins 2025.

6.gr.Stjórn.

Svohljóðandi setning í 6.gr.” Samfelld stjórnarseta getur mest verið 6 ár.” falli út.

3.gr.Sjóðsaðild og réttindi.

Núverandi töluliður 7:

7.Rétt til fæðingarorlofsdagpeninga eiga þeir,sem rétt eiga á dagpeningum,auk þess að hafa a.m.k, 12 mánaða samfellda aðild að Sjúkrasjóði VFÍ fyrir töku fæðingarorlofs.

Tillaga að nýjum tölulíð 7:

7. Rétt til fæðingarstyrks eiga þeir, sem eru sjóðsfélagar við fæðingu barns og hafa a.m.k tólf mánaða samfellda aðild að Sjúkrasjóði. Umsókn um fæðingarstyrk skal hafa borist sjóðnum innan tólf mánaða frá fæðingu barns.

Greinargerð með tillögum:

Tillögurnar eru lagðar fram af hálfu stjórnar Kjaradeildar VFÍ og að ósk stjórnar Sjúkrasjóðs VFÍ (greiðsla fæðingarorlofsdagpeninga verður greiðsla fæðingarstyrks).

Sú regla um hámarkstíma stjórnarsetu, sem hér er lagt til að felld verði út er að mati stjórnar óþörf og jafnvel komi hún í veg fyrir og hamli eðlilegri félagsþátttöku í VFÍ.

Á síðari árum hefur reynst erfitt að finna nýtt fólk í stjórnir og ráð Verkfræðingafélags Íslands og því hefur verið torvelt að fylla í þau skörð, sem orðið hafa, þegar reyndir stjórnendur hverfa á braut. Við það hefur glatast þekking, sem stjórnin telur bagalegt.

Það er mat stjórnar, að félagsfólk, sem hefur sinnt störfum sínum í stjórnnum og ráðum af áhuga og krafti eigi að geta nýst áfram, þótt lengri tími en 6 ár hafi liðið frá því það kom upphaflega til starfa.

Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna og samþykkt.

10.3 Tillaga að breytingu á reglugerð Styrktarsjóðs Verkfræðingafélags Íslands lögð fram á aðalfundi félagsins 2025.

6.gr. Stjórn.

Svohljóðandi setning í 6.gr.: “Samfelld stjórnarseta getur mest verið 6 ár.” falli út.

Greinargerð með tillögu:

Tillagan er lögð fram af hálfu stjórnar Kjaradeildar VFÍ.

Sú regla, sem hér er lagt til að felld verði út er að mati stjórnar óþörf og jafnvel komi hún í veg fyrir og hamli eðlilegri félagsþátttöku í VFÍ. Á síðari árum hefur reynst erfitt að finna nýtt fólk í stjórnir og ráð Verkfræðingafélags Íslands og því hefur verið torvelt að fylla í þau skörð, sem orðið hafa, þegar reyndir stjórnendur hverfa á braut.

Við það hefur glatast þekking, sem stjórnin telur bagalegt. Það er mat stjórnar, að félagsfólk, sem hefur sinnt störfum sínum í stjórnnum og ráðum af áhuga og krafti eigi að geta nýst áfram, þótt lengri tími en 6 ár hafi liðið frá því það kom upphaflega til starfa.

Tillagan var borin undir atkvæði fundarmanna.

Hún var samþykkt en þrjár greiddu atkvæði á móti tillögunni.

11. Önnur mál.

Geirmundur Sigurðsson óskaði nýrri stjórn VFÍ til hamingju með kjörið.

Hann minntist á lélega lagnahönnun, sem hann hafði orðið áskynja.

Árni B. Björnsson, framkvæmdastjóri VFÍ tók undir gagnrýni Geirmundar á lélega hönnun.

Svana Helen Björnsdóttir tók til máls.

Hún fjallaði um styttingu náms til stúdentsprófs.

Hún upplýsti, að stjórn VFÍ hafi sent Ingu Sæland bréf, þar sem skipun í nýja stjórn HMS er gagnrýnd harðlega.

Þá þakkaði hún samstarfsfólk sínu í VFÍ fyrir samstarfið.

Þá tók nýr formaður VFÍ, Helgi Gunnarsson til máls.

Hann kvaðst vera mjög ánægður með starfssemi VFÍ.

Árni B. Björnsson , framkvæmdastjóri VFÍ afhenti síðan eftirfarandi stjórnarmönnum og Kjaradeildarmanni í VFÍ , þeim Svönu Helen Björnsdóttur, Gunnari Sigvaldasyni og Páli Á.Jónssyni blómvendi í þakklætisskyni fyrir störf í þágu VFÍ.

Fundi var slitið kl. 19:10.

Bjarni Guðmundsson, fundarritari.